



## Samstarfssamningur Mosfellsbæjar og Skíðadeildar KR

Mosfellsbær kt. 470269-5969 og Skíðadeild KR kt.531184-1069, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

### 1. grein

#### Tilgangur og markmið samningsaðila

Meginmarkmið samningsaðila er að leitast við að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í Mosfellsbæ.

Skíðadeild KR skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglungum skipulagt skíðastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttta er haft að leiðarljósi. Samhliða að leitast við að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það nái sem bestum árangri.

Mosfellsbær mun styðja við fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll deildarinnar með samkomulagi með beinum fjárfamlögum.

### 2. grein

#### Framlög Mosfellsbæjar

Mosfellsbær skal greiða Skíðadeild KR árleg fjárfamlög og skal félagið ráðstafa þeim á eftirfarandi hátt til starfsemi félagsins.

#### 495.310 kr. Framlag til barna- og unglingastarfs

Framlaginu skal verja til barna- og unglingastarfs félagsins. Framlag hvers árs hækkar í samræmi við breytingu launavísitölu miðað við nóvember ár hvert, auk 3% á ári til að mæta væntanlegrí fjölgun iðkenda.

### 3. grein

#### Greiðslur

Framlög eru greidd 1. júní og skulu greiðslur taka mið að breytingum á launavísitölu sbr. 2. grein. Öll framlög til félagsins verða gerð sýnileg á vef bæjarins auk árshlutauppgjörs Skíðadeildar KR þegar þau liggja fyrir.

Félagið skal senda Mosfellsbæ reikninga fyrir fjárfamlögum skv. 2. grein. Dagsetning reiknings skal vera 1. dagur þess mánaðar sem kveðið er að um greiðslu framlagsins. Mosfellsbær áskilur sér 2 vikur til úrvinnslu reiknings áður en hann er greiddur. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning félagsins sem tilgreindur er á innsendum reikningi. Félaginu er óheimilt að veðsetja eða ávísa greiðslum skv. samstarfssamningi þessum til 3ja aðila.

Árlegar greiðslufjárhæðir eru ákvæðaðar með fyrirvara um fjárheimildir í árlegri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar.

#### **4. grein**

##### **Samskipti samningsaðila**

Stjórn Skíðadeild KR tryggir að erindi til Mosfellsbæjar fari um stjórn félagsins.

Íþróttá- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar kemur fram fyrir hönd bæjarins varðandi framkvæmd samningsins.

Íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar annast dagleg samskipti við Skíðadeild KR vegna samningsins.

Formaður Skíðadeilda KR kemur fram f.h. deildarinnar við Mosfellsbæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samningsins.

#### **5. grein**

##### **Ábyrgð stjórnar Skíðadeilda KR og upplýsingaskylda til Mosfellsbæjar**

Stjórn Skíðadeilda KR skuldbindur sig til að leggja fram gögn til Mosfellsbæjar um fjárhagsleg mállefni deildarinnar sem varðar Mosfellsbæ svo og fjölda, aldur og kyn barna- og unglingsa þegar eftir því er leitað og innan tímamarka. Gögnin verða hluti upplýsinga sem birtar verða á vef bæjarins um hvernig fjármunum sveitarfélagsins er varið.

Allir styrkir og framlög Mosfellsbæjar greiðast til stjórnar sem annast ráðstöfun greiðslna í samræmi við samninginn.

Samkomulag er um að félagið leitist við að hækka ekki gjöld sín umfram hækkun launavísitölu á samningstímanum.

#### **6. Grein**

Mosfellsbær áskilur sér rétt til að skilyrða allar fjárveitingar til íþróttá- og tómstundafélaga, að þau setji sér síðareglur, viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær og skulu félögin fræða starfsfólk sitt um kynferðislega áreitni/ofbeldi og hvers konar annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagráði sem tekur á móti ábendingum og kvörtunum iöknda og ábyrgðaraðila. Félögin skulu sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi og aðgerðaráætlun þar sé skýr. Hafi félagið ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert

#### **7. grein**

##### **Endurskoðunarákvæði og gildistími**

Samningurinn gildir frá 01.01.2018 til 31.12.2021 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Fyrir 1. júní 2021 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2022

Mosfellsbær 18. júní 2018

F.h. Mosfellsbæjar

Haraldur Sverrisson  
bæjarstjóri

F.h. Skíðadeilda KR

Guðmundur Guðjónsson  
formaður